

Ísafjarðarbær  
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri  
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1  
400 ÍSAFJÖRÐUR

2001040010  
4200; 9310

Reykjavík, 14. maí 2001  
/--

### **Efni: Styrking sjóvarnargarðs við Brimnesveg á Flateyri, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð styrking sjóvarnargarðs við Brimnesveg á Flateyri, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 10. apríl 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð er styrking og lagfæring sjóvarnargarðs við Brimnesveg á Flateyri. Á undanförunum árum hefur sjóvarnargarðurinn raskast og sigið á köflum og grafist hefur undan honum. Árið 1999 hófust framkvæmdir við styrkingu suðurhluta garðsins og nú er fyrirhugað að styrkja og lagfæra sjóvarnargarðinn til norðurs að Tjarnargötu. Áætluð efnisþörf til framkvæmdanna er 2500 m<sup>3</sup> og verður efni tekið úr opinni grjótnámu fyrir botni Skutulsfjarðar í 27 km fjarlægð.

### **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Almennt**

Í umsögnum bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Fjörusvæði**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að hafa beri í huga að fjara sé viðkvæmt

búsvæði og því beri að hafa varann á við framkvæmdirnar. Halda verði raski í lágmarki og eins sé mikilvægt að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja fólki gott aðgengi að fjörunni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun sjóvarna sé leitast við að hafa sem allra minnst inngríp í náttúruna, laga sjóvörnina að fjörunni og takmarka hæð hennar þó þannig að hún uppfylli sett markmið. Víða hafi sveitarstjórnir bætt aðgengi að fjörum, þar sem það hefur verið æskilegt.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða styrkingu og lagfæringu á hluta sjóvarnargarðs við Brimnesveg á Flateyri. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis, efnismagn er óverulegt og munu framkvæmdirnar ekki hafa verulegt rask í för með sér enda verði staðið að þeim eins og kemur fram í svörum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð styrking sjóvarnargarðs við Brimnesveg á Flateyri, Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.b. Sjóvarnir við Brimnesveg eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson

